# Minnisblað

Til: Íþrótta- og tómstundanefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 14. nóvember 2022
*Mnr. 2022050015*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - breyting á gjaldskrá sundlauga og skíðasvæðis

Á 501. fundi bæjarstjórnar þann 3. nóvember sl. kom fyrirspurn um hvort skoða mætti að taka upp ungmennakort fyrir 16-18 ára ungmenni, svo umræddur hópur fái afslátt í sund og á skíðasvæðið. Skv. fyrirliggjandi gjaldskrá fyrir árið 2023 þarf þessi hópur að greiða sama gjald og fullorðnir í sund og á skíðasvæðið.

Í núgildandi gjaldskrá er gert ráð fyrir 25% afslætti á skíðakortum fyrir nemendur. Er því spurning hvort íþrótta- og tómstundanefnd vilji leggja til að boðið verði upp á þann afslátt fyrir 16-18 ára ungmenni eða koma með nýja tillögu að afslætti.